

## Fundargerð

**Hópur:** Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla – annar fundur.

**Starfsmaður:** Ásgeir Björgvinsson Menntasviði sem ritaði fundargerð.

**Fundardagur:** 19. ágúst 2011

**Tími:** 8:30-10:30

**Fundarstaður:** Víkurskóli

### Viðstaddir:

#### *Frá Korpuskóla*

Margrét Einarsdóttir skólastjóri  
Björg Ársælsdóttir fulltrúi starfsmanna  
Laufey Einarsdóttir fulltrúi starfsmanna  
Inga Dóra Hrólfsdóttir fulltrúi foreldra  
Olga B. Gísladóttir fulltrúi foreldra

#### *Frá Víkurskóla*

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri  
Þorkell Logi Steinsson fulltrúi starfsmanna  
Ingibjörg Stefánsdóttir fulltrúi foreldra  
Rósa Hjartardóttir fulltrúi foreldra

#### *Frá Þjónustumiðstöð Grafarvogs – Miðgarði*

Helgi Viborg deildarstjóri sérfræðisviðs

#### *Frá Frístundamiðstöðinni Gufunesbær*

Þóra Melsted deildarstjóri Barnasviðs

#### *Frá Menntasviði*

Auður Árný Stefánsdóttir formaður stýrihóps  
Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi  
Hildur Sigurðardóttir mannauðsráðgjafi

Brynja Dís Björnsdóttir verkefnastjóri í Álfhólsskóla í Kópavogi var gestur á fundinum.

Þórunn Borg Ólafsdóttir sem átti sæti í stýrihópnum fyrir hönd starfsmanna í Víkurskóla, hætti störfum í sumar og ekki hafði verið valinn annar starfsmaður í hennar stað til að sitja í stýrihópnum.

### Verkefni og markmið fundar:

- Kynning á skólastarfi í Korpuskóla og Víkurskóla.
- Kynning á sameiningu Digranesskóla og Hjallaskóla í Álfhólsskóla í Kópavogi.
- Kynning á verkefnagreiningu sem fara á fram á þriðja fundi hópsins.

### Þetta gerðist:

1. Auður Árný bauð fólk velkomið og las upp samþykkt Menntaráðs um að nýir sameinaðir skólar eigi að fá nýtt nafn. Í samþykktinni kemur einnig fram hvernig nýtt nafn skuli valið.
2. Auður sagði frá upplýsingum um stýrihópinn á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Auður sagði einnig frá nemendatölum vegna skólaársins 2010-2011 og nemendasþá til og

með skólaárinu 2015-2016. Var bæði nemendatölunum og nemendasþánni dreift til allra í hópnum.

3. Margrét Einarsdóttir skólastjóri Korpuskóla og Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri Víkurskóla héldu sameiginlega kynningu á starfi skólanna. Eftirfarandi kom m.a. fram í kynningunni:
  - Korpuskóli var stofnaður árið 1998 en Víkurskóli árið 2001. Alveg frá stofnun þess síðarnefnda hafa verið nán samskipti á milli skólanna.
  - Einkunnarorð Korpuskóla hafa verið „sjálfstæði, ábyrgð, samvinna“ og einkunnarorð Víkurskóla hafa verið „virðing, virkni, velvild“.
  - Skólarnir hafa unnið tveir saman í skólaþróunarverkefnum og einnig ásamt öðrum skólum. Í báðum skólunum er teymiskennsla og unnið eftir einelitsáætlun Olweusar.
  - Skólarnir hafa ekki fylgt sama kerfi í agamálum nemenda. Í Korpuskóla er unnið eftir uppbyggingarstefnu en í Víkurskóla er unnið eftir PBS – kerfi.
  - Báðir skólarnir eru með Grænfánann.
  - Báðir skólarnir fóru í gegnum heildarmat Menntasviðs árið 2009.
  - Á heimasíðu Víkurskóla er að finna leiðbeiningar um samskipti á vinnustað er kallast „leiðarljós starfsmanna í samskiptum“. Skólastjóri skólans hvatti fulltrúa stýrihópsins til að kynna sér leiðbeiningarnar.
  - Í báðum skólunum er endurskoðun á námsmati framundan í samræmi við áherslur nýrrar aðalnámskrár.
  - Eftir kynninguna spunnust frekari umræður um hvað væri líkt í starfi skólanna og hvað ólíkt. Rætt var um skólabrag og skólamenningu og fram kom að í sameinuðum skóla gæti verið ólíkur bragur á milli starfsstöðva.
4. Brynja Dís Björnsdóttir verkefnastjóri í Álfhólsskóla í Kópavogi, hélt kynningu um sameiningu Digranesskóla og Hjallaskóla árið 2010. Í kynningunni fór Brynja Dís yfir sameingarferlið og hvernig unnið var með nemendum, starfsfólki og foreldrum.
5. Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi á Menntasviði kynnti verkefnagreiningu sem unnin verður á þriðja fundi.
6. Auður Árný sagði frá upplýsingum um stýrihópinn á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

**Eftirtaldar ákvarðanir voru teknar:**

- Næsti fundur fer fram föstudaginn 9. september kl. 8.30 í Korpuskóla. Þessu var síðar breytt í föstudaginn 16. september kl. 8.30 í Korpuskóla.
- Á næsta fundi fer fram verkefnagreining.
- Myndir voru teknar á fundinum og voru fulltrúar stýrihópsins samþykkir því að myndirnar færu á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Fundi slitið kl. 10:30